

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 14 28. febrúar 1962, um breytingu á reglum um eftirlit með skipum og öryggi þeirra, nr. 11 20. janúar 1953.

1. gr.

IX. töluliður 141. greinar reglnanna orðist þannig:

Fiskiskip með þilfari og minni en 15. brúttórúmllestir skulu búin gúmmibát, sem rúmar alla skipverja.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 2. október 1969.

Eggert G. Þorsteinsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 265.

16. október 1969.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Dalvíkur.

1. gr.

9. gr. orðist svo:

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Dalvíkurkaupþúns, sem svo er ástatt um, sem um getur í 8. gr. reglugerðar þessarar skal greiða vatnsskatt að upphæð kr. 30.00 af þúsundi fasteignamatsverðs, þó þannig, að lægsta gjald af einbýlishúsi sé kr. 650.00 og af íbúðarhúsi með 2 íbúðum eða fleiri skal lægsta gjald vera kr. 325.00 á íbúð. Tengigjald greiðir húseigandi um leið og hús hans hefur verið tengt við vatnsað vatnsveitunnar að upphæð kr. 650.00.

2. gr.

Niðurlag 10. gr. 1. tölul. orðist svo:

Aukavatnsskattur skal vera kr. 0.65 hver smálest vatns.

3. gr.

11. gr. orðist svo:

Auk þess vatnsskatts er um getur í 9. og 10. gr., skal greiða sem hér segir:

1. Fyrir vatn til skipa kr. 35.00 fyrir smálestina, þó aldrei minna en kr. 100.00 í hvert sinn. Fyrir vatn til hafnarsjóðs kr. 0.65 hver smálest, enda sjái hann um vatnsdreifingu til skipa.
2. Af hverri tunnu fullverkaðrar síldar kr. 2.00.
3. Af hverri tunnu af síld til frystingar kr. 2.00.
4. Af hverju máli síldar til bræðslu kr. 1.25.
5. Af hverju tonni innvegins fiskjar, slægðum með haus kr. 7.50.
6. Fyrir hverja kind slátraða í sláturhúsi kr. 0.75.
7. Fyrir hvern stórgrip slátrað í sláturhúsi kr. 25.00.
8. Fyrir hverja kind á vetur setta samkv. skýrslu forðagæzlumanns kr. 2.50.